

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

## SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA HLÍÐARVEGAR UM GLJÚFURSÁ OG ÖXL, NORÐUR - MÚLASÝSLU

### NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

#### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Hlíðarvegar um Gljúfursá og Öxl á Vopnafjarðarströnd í Norður-Múlasýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** 3,2 km langur nýr vegur í tveimur hlutum. Annars vegar 2,1 km kafli um Gljúfursá og hins vegar 1,1 km kafli við bæinn Öxl. Fyrirhugað er að setja stálraesi yfir Gljúfursá í stað einbreiðrar brúar. Brúin verður rifin, en gert ráð fyrir að aflagður vegur nýtist áfram landeigendum og hestamönnum.

**Markmið framkvæmdar:** Að bæta samgöngur milli Vopnafjarðar og Héraðs um Hellisheiði og austanverða strönd Vopnafjarðar. Vegurinn mun leysa af hólmi gamla vegi sem eru að mestu hlykkjóttar slóðir og leitast verður við að gera veginn snjóléttari.

**Frumathugun:** Þann 10. september 1996 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til embættis skipulagsstjóra ríkisins og var frummatsskýrsla lögð fram. Embætti skipulagsstjóra ríkisins tók formlega á móti frummatsskýrslunni með bréfi til Vegagerðarinnar þann 16. september 1996. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 25. september 1996 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og í Dagskránni, þann 26. september 1996. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 25. september til 31. október 1996 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins og í Þjóðarbókhöðunni, Reykjavík, á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps og á bókasafni Vopnafjarðar. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Þjóðminjasafns Íslands.

#### Gögn lögð fram við frumathugun:

Hlíðarvegur um Gljúfursá og Öxl. Kynning verkefnisins og mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla. Vegagerðin, september 1996.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps** með bréfi dagsettu 16. september 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 29. október 1996. Þar segir:

*„Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps þann 24. október 1996 var farið yfir skýrslu á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hlíðarveg um Gljúfursá og um Öxl á Vopnafjarðarströnd. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir tillögur Vegagerðarinnar.“*

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 16. september 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 9. október 1996. Þar segir:

*„Á grundvelli skýrslunnar telur Hollustuvernd ríkisins líklegt að framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu muni einungis stafa lítil og tímabundin hættu af loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun eða mengun frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.*

*Út frá umferðarhávaða og loftmengun er heppilegast að halda umferð í sem mestri fjarlægð frá íbúðarbyggð. Út frá því sjónarmiði er því þessi framkvæmd til bóta miðað við núverandi ástand. Bent skal á að miðað við lítt gróið slétt land þá er lágmarksfjarlægð íbúðabyggðar frá vegi með 120 bíla/dag á 90 km/h á góðu bundnu slitlagi tæpir 70 m, ef hávaði fari ekki yfir 45 dBA. Í vel grónu landi þá þarf fjarlægðin að vera um 30 m.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 16. september 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 15. október 1996. Þar segir:

*„Náttúruverndarráð gerir ekki athugasemdir við veglínuna sjálfa en gerir athugasemdir við eftirtalin atriði:*

- 1. Gert er ráð fyrir fyllingu og ræsi í Gljúfursárgili 60 m ofan við brún Neðri foss. Náttúruverndarráð skoðaði annars vegar þann möguleika að setja fyllingu og ræsi í gilið og hins vegar þann möguleika að reisa brú yfir gilið, sbr. fyrri hugmyndir Vegagerðarinnar og greinargerðir eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, dags. 10. ágúst 1995 og 19. júní 1996. Náttúruverndarráð telur að fylling og ræsi í gilinunni hafi meiri áhrif á landslagsheildina og spilli ásýnd fossins meira en brú yfir gilið svo fremi sem vegrið og önnur atriði sem tengjast mannvirkinu verði eins lítið áberandi og hægt er. Náttúruverndarráð fer því fram á að reist verði brú yfir gilið. Verði slíkt ekki gert fer ráðið fram á að valin verði leið nr. 2.*
- 2. Fyrirhugað er að taka 20.000 m<sup>3</sup> efni í mel innan Neðri-Rauðár og ofan við núverandi veg (náma E). Náttúruverndarráð telur æskilegra að efni verði tekið í mel neðan við veginn en þar er nú þegar opin náma.*
- 3. Í matsskýrslu kemur fram að núverandi vegur mun nýtast landeigendum og hestamönnum sem reiðvegur en núverandi brú verður rifin. Náttúruverndarráð telur ólíklegt að vegurinn verði nýttur sem reiðvegur ef*

*brúin verður rifin. Náttúruverndarráð telur því skynsamlegast að slétta yfir núverandi veg og afmá ummerki eftir hann eins og kostur er.*

4. *Í matsskýrslunni kemur ekki fram hvort ætlunin er að nota núverandi veg sem heimreið að bænum Öxl eða hvort til stendur að leggja nýja heimreið að bænum. Þar sem núverandi vegur liggur um bæjarhlaðið við Öxl leggur Náttúruverndarráð til að vestari eða austari hluti vegarkaflans sem verður aflagður vegna framkvæmdarinnar verði nýttur sem heimreið en gengið verði frá hinum hluta vegarkaflans.*

*Náttúruverndarráð setur að öðru leyti þau skilyrði fyrir framkvæmdinni að jarðraski utan vegstæðis verði haldið í lágmarki og haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi vegna jarðefnisnáms og frágangs námusvæða og vegfláa.“*

Umsagnir voru sendar Vegagerðinni jafnharðan og þær bárust.

Í bréfi dagsettu 31. október 1996 svarar **Vegagerðin** erindi Skipulags ríkisins dags. 16. október 1996 vegna umsagnar Náttúruverndarráðs.

Þar segir varðandi legu um Gljúfursárgil:

*„Ekki er ljóst af umsögn Náttúruverndarráðs hvar skuli staðsetja brú á gilið, né koma fram rök fyrir því að brúarlausn sé betri en fylling á þeim stað sem Vegagerðin hefur lagt til.*

*Það var mat Vegagerðarinnar, að höfðu munnlegu samráði við fulltrúa Náttúruverndarráðs á Austurlandi, að fylling um 60 metrum ofan við Neðri foss teldist viðunandi lausn eftir að bætt hefði verið úr þeim ágöllum sem fulltrúinn bendir á í skýrslu sinni dags. 19. júní 1996 og ræsið hannað þannig að það sjáist ekki frá útsýnisstað og þannig gengið frá fyllingarfláum að þeir verði sem líkastir hlíðum gilsins.*

*Brú á umræddum stað kemur vart til greina vegna mjög mikils kostnaðar. Brúin yrði um 70 m löng og kostnaður við allt verkið um 90 mkr í stað 48 mkr með fyllingu og ræsi. Af kostnaðarástæðum kæmi helst til greina að brúa í um 15 - 20 m ofan við fossbrún, kostnaður yrði alls um 65 mkr eða um 17 mkr hærri en sú leið sem Vegagerðin hefur lagt til. Af öryggisástæðum þyrfti sennilega að koma leiðari á nokkuð löngum kafla á neðri kant vegarins sitt hvorum megin við gilið. Fulltrúi Náttúruverndarráðs hefur frá upphafi óskað eftir því að veglínan yrði færð sem lengst frá fossbrúninni sbr. umsagnir hans.“ (.....)*

*„Samkvæmt ofansögðu eru ekki taldar forsendur til að endurskoða veglínu um Gljúfursá og ítrekað það mat Vegagerðarinnar að sú lausn sem lögð er til í matsskýrslu, að byggja fyllingu og ræsi um 60 m ofan við Neðri foss, er sú lausn sem allir hlutadeigendur ættu að geta sætt sig bærilega við út frá sjónarmiðum útlits, öryggis og kostnaðar.“*

Um námu í mel innan við Neðri-Rauða segir:

*„Landeigandi leigir einkaaðila námusvæðið neðan vegar, þannig að það svæði stendur Vegagerðinni ekki til boða. Vegna blindhæðar á vegi við námusvæðið er fyrirsjáanlegt að lækka þarf veginn þar sem hann liggur um*

*nokkuð flatt land. Efnistaka beggja megin vegar kemur því til góða síðar, þegar vegurinn þar verður lagfærður. Náman verður unnin sbr. umsögn eftirlitsmanns náttúruverndarráðs í matsskýrslu (fskj. 8) og gengið frá henni eins og þar kemur fram.“*

Um aflagða vegi segir:

*„Eins og fram kemur í matsskýrslu er núverandi vegur nánast rudd slóð. Áformað er að jafna vegbrúnir og grunnar rásir með vegi þar sem þær eru, þannig að ummerki vegarins minnki í landinu. Við Gljúfursá getur núverandi vegur hugsanlega nýst áfram fyrir hestamenn og landeigendur sbr. matsskýrslu og tengst slóðum sem liggja beggja megin með Gljúfursá milli Efri og Neðri foss. Við Öxl nýtist núverandi vegur innan við bæinn sem tenging að bænum. Utan við bæinn verður núverandi vegur jafnaður út að hluta til að minnka ummerki hans í landinu.“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 16. september 1996 og barst umsögn Safnastofnunar Austurlands fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands 18. nóvember 1996. Þar segir meðal annars:

*„Það skal tekið fram að Stekkjará í Vindfellslandi er utan við þá kafla Hlíðarvegjar sem liggja um Gljúfursá og Öxl. Fornleifar við ána eru því ekki í röskunarhættu vegna vegarins á þeim köflum sem hér um ræðir.“*

Er þar vísað til bréfs Safnastofnunar Austurlands til Vegagerðarinnar frá 10. mars 1995 þar sem getið er um framangreindar minjar.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frumathugunar.

## 4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

### 4.1 Fyrirhuguð framkvæmd

#### 4.1.1 Lega vegar

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar er kynnt lagning nýs vegar við austanverðan Vopnafjörð, annars vegar 2,1 km kaflum um Gljúfursá og hins vegar 1,1 km kaflum við bæinn Öxl. Vegurinn verður 6,5 m breiður og lagður malarslitlagi.

Um Gljúfursá liggur vegurinn í landi Vindfells og Krossavíkur I. Fyrirhugaður vegur er í um 100 m hæð yfir sjó og fer veglínan yfir Gljúfursárgil rétt ofan við Neðri foss, um 600 m nær sjó en núverandi vegur sem fer yfir ána rétt ofan við Efri foss. Í stað einbreiðrar brúar yfir Gljúfursá sem er frá árinu 1932, kemur fylling og stórt stálræsi,

45 m langt. Hæð vegar miðað við yfirborð lands verður víðast hvar 1- 2 m en um 15 - 18 m í giljum.

Við Öxl liggur vegurinn um land Krossavíkur II og Syðri-Víkur. Nýr vegur liggur um 100 m ofar og 6 m hærra en núverandi vegur. Hæð vegar miðað við yfirborð lands verður um 1 - 3 m.

Ráðgert er að rífa núverandi brú yfir Gljufursá. Áformað er að jafna vegbrúnir og grunnar rásir með aflögðum vegum, svo ummerki vega minnki. Gert er ráð fyrir að þessir vegir geti nýst landeigendum og hestamönnum. Vegir að Gljufursárgili tengjast slóðum beggja vegna gilsins milli Efri og Neðri foss. Við Öxl er ráðgert að nýta núverandi veg innan við bæinn sem tengingu við bæinn, en jafna út veginn utan við bæinn.

#### 4.1.2 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar eru kynntir fimm kostir auk fyrirhugaðrar leiðar:

- **Endurbygging á núverandi vegi** fullnægir ekki kröfum um akstursöryggi að mati Vegagerðarinnar. Mikið jarðrask myndi fylgja endurbyggingu á núverandi vegarstæði. Aðkoma að brú yfir Gljufursá yrði með nokkuð krappri beygju og þar lægi vegur um 30 m hærra í landi og yrði 200 m lengri en valkostur Vegagerðarinnar.
- **Leið 1** með brú yfir Gljufursárgil um 20 m ofan við Neðri foss, er um 10 m neðan við valkost Vegagerðarinnar. Fallið var frá hugmyndum um þessa leið vegna tilmæla eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs á Austurlandi.
- **Leið 2** liggur með ræsi um 100 m ofan við fossbrún Neðri foss í Gljufursárgili. Þar yrði ræsið mun lengra vegna skekkju þess miðað við veglínu, gilið um 3 m dýpra og saman myndi þetta auka kostnað verulega.
- **Leið 3** liggur með ræsi um 170 m sunnan við Neðri foss í Gljufursárgili og liggur veglínan nær samhliða flutningslínu RARIK. Mjög erfitt er að setja ræsi í gilið á þeim stað, því bugða á gilinu er mikil.
- **Leið 4** liggur yfir Gljufursá sunnan við bugðu á ánni, um 300 m sunnan við Neðri foss. Þar er gilið um 5 m dýpra en á valinni leið og um mun blautara land að fara.

#### 4.1.3 Efnistaka

Fram kemur í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að áætluð efnisþörf í veg um Gljufursá og Öxl er um 88.000 m<sup>3</sup>. Teknir verða um 66.000 m<sup>3</sup> úr fimm námum í nágrenni vegaframkvæmda, en 22.000 m<sup>3</sup> úr skeringum við veginn.

**Náma A** við Tóargil nær yfir svæði báðum megin vegarins og beggja vegna gilsins. Gert er ráð fyrir að taka þar 8.000 - 10.000 m<sup>3</sup> af leirkenndum jarðvegi, í um 0,6 m þykku lagi á um 15.000 m<sup>2</sup> svæði.

**Náma B** er í mel beggja vegna núverandi vegar innan Gljufursár. Tekið hefur verið úr melnum áður og ráðgert er að taka þar efni í fyllingar, alls um 20 - 25.000 m<sup>3</sup> á um 15.000 m<sup>2</sup> svæði í um 1-2 metra þykku lagi. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs telur

óhætt að heimila efnisnám í melnum en leggur áherslu á að tryggt verði að ekki verði gengið nær farvegi Gljúfursár og melbakkinn innan til haldist óraskaður við efnisnám.

**Náma C** innan Neslækjar er hulin þunnu gróðurlagi og hefur efni áður verið tekið á þessum stað. Ráðgert er að taka alls 3-5.000 m<sup>3</sup> í um 1 - 2 m þykku lagi á um 2.500 m<sup>2</sup> svæði.

**Náma D** er malarnáma ofan vegar, um 100 m innan Grjótár. Gert er ráð fyrir að taka þar efni í burðarlag eða um 12.000 m<sup>3</sup> á um 5 - 6.000 m<sup>2</sup> svæði í 2 - 2,5 þykku lagi. Svæðið er þegar hreyft og að mati eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs eru náttúruverndarhagsmunir ekki í húfi miðað við venjubundinn frágang að efnisnámi loknu.

**Náma E** er í mel innan Neðri-Rauðár, ofan við núverandi veg. Ráðgert er að taka efni í fyllingar, burðarlag og slitlag, samtals um 20.000 m<sup>3</sup> í 2 m lagi af um 10.000 m<sup>2</sup> svæði. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs leggur til að meljaðrinum verði hlíft og að gróðurlendinu utan við melinn verði í engu raskað. Æskilegt sé að skilið verði eftir u.þ.b. 10 m breitt óhreyft svæði við meljaðarinn. Náttúruverndarráð telur æskilegra að efni verði tekið neðan við núverandi veg þar sem nú þegar er opin náma. Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að landeigandi leigi einkaaðila námusvæðið neðan vegar, þannig að það standi Vegagerðinni ekki til boða. Náman verði unnin og gengið frá henni í samræmi við umsögn eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarráð setur það skilyrði að jarðraski verði haldið í lágmarki utan vegarstæðis og haft verði samráð við eftirlitsmann þess á Austurlandi vegna jarðefnisnáms og frágangs námusvæða og vegarfláa.

## 4.2 Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Tvö djúp gil eru í veglínunni þar sem ráðgert er að komi ræsi og fyllingar. Gljúfursárgil er 16 m djúpt með klettum efst og grónum bökkum niður að ánni og Tóargil er 15 m djúpt, með grónum og aflíðandi bökkum. Í Gljúfursárgili liggur vegurinn um 60 m ofan við Neðri foss sem er 37 m hár og er ráðgert að setja þar 45 m langt elipsulagað stálræsi, 18,5m<sup>3</sup>. Önnur ræsi verða 0,5 - 1,75 m í þvermál og land verður lækkað um 0,5 - 1 m á svæði beggja vegna Tóargils.

Fram kemur í umsögnum eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs<sup>1</sup> að Gljúfursárgil hafi hátt náttúruverndargildi og gæta þurfi að sjónrænum áhrifum vegagerðar þar á umhverfi Neðri foss. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs óskaði þess að veglínan yrði lögð yfir ána sunnar en upphaflegar tillögur Vegagerðarinnar gerðu ráð fyrir. Við hliðrun vegarstæðisins mætti draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar á umgjörð Neðri foss frá helstu útsýnisstöðum.

Með vísan í greinargerðir eftirlitsmanns síns frá 10. ágúst 1995 og 19. júní 1996 fer Náttúruverndarráð fram á að brú verði reist yfir Gljúfursárgil í stað ræsis á valinni leið þar sem fylling og ræsi í gilinu muni hafa meiri áhrif á landslagsheildina og spilla ásýnd Neðri foss meira en brú yfir gilið. Verði slíkt ekki gert fer Náttúruverndarráð fram á að valin verði leið 2, með ræsi um 100 m ofan við fossbrúnina.

<sup>1</sup> Fylgiskjöl 1, 2 og 3 með frummatsskýrslu

Mótvægisáðgerðir við Gljúfursá felast í því að gerður verður áningarstaður við gilið að vestanverðu og göngustígur frá honum að útsýnisstað á gilbrúnninni, um 100 m neðan við Neðri foss.

Í svari Vegagerðarinnar við umsögn Náttúruverndarráðs segir að það sé mat Vegagerðarinnar, að höfðu samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi, að fylling 60 m ofan við Neðri foss teljist viðunandi lausn eftir að bætt hafi verið úr ágöllum sem hann hefur bent á varðandi sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Ræsið verði hannað þannig að það sjáist ekki frá útsýnisstað og gengið þannig frá fyllingarfláum að þeir verði gerðir sem líkastir hlíðum gilsins. Vegagerðin telur að brú á umræddum stað komi vart til greina vegna mikils kostnaðar. Enn fremur að leið 2 komi vart til greina af vegtækni- og kostnaðarástæðum.

### 4.3 Áhrif á dýralíf og gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu Vegagerðarinnar er ekki kunnugt um sérstakt dýralíf á eða nærri framkvæmdasvæðinu. Nokkuð er um fuglavarp í Gljúfursárgili, aðallega fyll. Fuglar geta fælst tímabundið frá varpstöðvum meðan á framkvæmdum stendur en talið er að áhrif á dýralíf verði óveruleg að framkvæmd lokinni.

Framkvæmdasvæðið er á nokkuð grónu landi í um 100 m hæð yfir sjó. Innan Hrútsár fer vegurinn um gróskumikinn móa þar sem lyng og fjalldrapi eru áberandi tegundir, að Tóargili og þar um og inn fyrir Gljúfursárgil um lítið gróinn jökulruðning með klöppum. Um Öxl mun vegurinn liggja um gróinn mel og framræst móland. Fram kemur í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að efnistöku verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á landi og þar sem námusvæðin eru gróin verður gróðurlaginu rutt ofan af á meðan efnistaka fer fram og jarðvegsefni jafnað yfir aftur að henni lokinni. Gengið verði frá hreyfðu landi í samráði við landeigendur og eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.

### 4.4 Áhrif á menn og samfélag

Nýr vegur mun bæta samgöngur milli Vopnafjarðar og Héraðs um Hellsheiði. Núverandi vegur liggur um hlað bæjarins á Öxl, 10 metra frá íbúðarhúsi. Nýtt vegarstæði er um 130 m frá íbúðarhúsi og mun draga úr hávaða, rykmengun og auka öryggi íbúa þar.

### 4.5 Áhrif á menningarminjar

Engar skráðar eða friðlýstar fornleifar eru þekktar á fyrirhuguðu vegarstæði eða námusvæðum.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Á grundvelli frummatsskýrslu framkvæmdaraðila og umsagna er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Hlíðarvegjar um Gljúfursá og Öxl hafi ekki í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag, með þeim mótvægisáðgerðum sem greint er frá í frummatsskýrslu og að uppfylltum skilyrðum um efnistöku og frágang náma og frágang ræsis og fyllingar um Gljúfursárgil.

Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar og dýralíf eru talin óveruleg og áhrif á menn og samfélag jákvæð. Nýr vegur mun færa umferð fjær íbúðarhúsi á Öxl og umferðaröryggi eykst með betri vegi. Engar þekktar fornleifar eru á framkvæmdasvæðinu, en minnt er á skyldur framkvæmdaraðila ef fornleifar kynnu að finnast við framkvæmdirnar.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúta helst að sjónrænum áhrifum ræsis og vegfyllinga í Gljúfursárgili og um 66.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr fimm námum.

Vegagerðin hefur við hönnun framkvæmdarinnar brugðist við athugasemdum eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs með því að færa veglínu um Gljúfursárgil fjær Neðri fossi og standa svo að frágangi ræsis og fyllingarfláa að sjónrænum áhrifum framkvæmdar verði haldið í lágmarki. Einnig er fyrirhugað að koma upp útsýnisstað við fossinn. Vegagerðin hefur hafnað öðrum kostum yfir Gljúfursárgil vegna kostnaðar-, umferðaröryggis- og náttúruverndarsjónarmiða. Fallist er á tillögu Vegagerðarinnar, enda verði tryggt að sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfi Neðri foss verði haldið í lágmarki.

Fallist er á fyrirhugað efnisnám eins og því er lýst í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar, með þeim breytingum sem lagðar eru til af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs við afmörkun efnistöku í námu B innan Gljúfursár og námu E innan Neðri-Rauðár.

Samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs um efnistöku og frágang efnistökusvæða og vegarfláa. Jarðraski utan vegarstæðis verði haldið í lágmarki.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á óskipulögðu svæði. Ganga þarf frá skipulagsuppdrætti af framkvæmdinni og er lagt til að það verði gert samkvæmt 2. málsgrein 5. greinar skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum er bárust og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða lagningu Hlíðarveggar um Gljúfursárgil og Öxl eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru kynntar, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Gengið verði frá ræsi og fyllingum um Gljúfursárgil í samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi og sjónræn áhrif ræsis og fyllingar á umhverfi Neðri foss takmörkuð eins og kostur er. Sérstaklega á það við um ásynd fossins frá ráðgerðum útsýnisstað.
2. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi vegna efnistöku og frágangs námusvæða og vegarfláa.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi aðila.

Reykjavík, 21. nóvember 1996,

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir